Skólanámskrá

2026-2027



II. hluti

Nám og kennsla

1. bekkur

Umsjónarkennarar:
Guðrún Kristjana Reynisdóttir
Sædís Gunnarsdóttir

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar 3
Samþætting námsgreina 3
Byrjendalæsi 3
PALS 4
Útinám 4
Námsmat 4
Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir 4
Íslenska 4
Stærðfræði 5
Náttúrugreinar 5
Samfélagsgreinar 6
Lykilhæfni 6
Heimilisfræði 6
Hönnun og smíði 7
Sjónlistir 7
Textílmennt 7
Forskóli Tónlistarskóla Reykjanesbæjar 8
Skólaíþróttir 8
Upplýsinga- og tæknimennt 9
Fjölval 9

Bakgrunnsupplýsingar

Í 1. bekk eru 39 nemendur, 19 drengir og 20 stúlkur. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku. Umsjónarkennarar eru Guðrún Kristjana Reynisdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. Nejira Zahirovic kemur inn sem þriðji kennari. Stuðningsfulltrúar eru Andrea Júníusdóttir, Þórdís María Aðalsteinsdóttir og Sigríður Ragna Haraldsdóttir. Fanney María Sigurðardóttir sér um sérkennslu.
Aðrir kennarar:

- Íþróttir – Hjördís Ólafsdóttir
- Sund – Jón Ásgeir Þorvaldsson og Hjördís Ólafsdóttir
- Heimilisfræði - Halldóra Ólöf Sigurðardóttir
- Textílmennt – Berglind Harpa Bryngeirsdóttir
- Smíði – Arnar Ingólfsson
- Myndlist – Sigrún Birta Eckard
- Forskóli – Ingibjörg Hjördís Einarsdóttir
- Bókasafn - Kolbrún Alexandersdóttir

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	8 tímar
Stærðfræði	8 tímar
Samfélags- og náttúrugreinar	2 tímar
Fjölval	2 tímar
Útikennsla	2 tímar
Smiðjur	4 tímar
Íþróttir	2 tímar
Sund	1 tími
Forskóli	1 tími
Samtals:	30 tímar á viku

Samþætting námsgreina

Námsgreinarnar fléttast saman á margvíslegan hátt. Í samfélagsfræði og stærðfræði þjálfast nemendur jafnframt í íslensku þar sem þeir þurfa að lesa og skrifa. Í íslensku kemur fyrir að nemendur beiti stærðfræði. Lífsleikni kemur mikið við í flestum námsgreinum þar sem reynir á samskiptahæfni og tillitssemi. Byrjendalæsi er regnhlífarhugtak yfir samþættingu námsgreina þar sem sífellt er verið að tvinna saman margar námsgreinar

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er heildstæð kennsluaðferð þar sem jöfnum höndum er unnið með merkingu máls og tæknilega þætti lestrarnáms. Byggt er á kenningum lestrarfræða um áhrifarík og vönduð vinnubrögð. Kennslan felur í sér að samþætta nálgun sem nær til allra þátta móðurmálsins. Því er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld saman í eina heild í byrjendalæsi. Enn fremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttritun, orðaforði, setningabygging, málfræði og skrift tengdir inn í ferlið. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem fyrst á skólagöngu sinni. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið, því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Notaður er merkingarbær

texti og verður móðurmálsnám heildstætt að því leyti að öll vinna tengd lestri og ritun fellur undir vinnubrögð Byrjendalæsis.

PALS

Lestrarkennsluaðferðin PALS (Peer-Assisted Learning Strategies) er gagnreynd kennsluaðferð sem hefur sýnt fram á marktæk áhrif á lesfimi og lesskilning nemenda. Aðferðin byggir á skipulögðu samstarfi í pörum þar sem nemendur æfa hljóðkerfisvitund, nákvæmni, hraða og flæði í lestri með skýrum verkþrepum og endurgjöf. Aðferðin er notuð í sérstökum lesfimitímum sem eru skráðir í stundatöflu þar sem kennarar leiða markvissa æfingu, fylgjast með framförum og stuðla að jákvæðu námsumhverfi. Með reglubundinni notkun PALS nýtast styrkleikar jafningja til að efla sjálfstraust og sjálfstæða vinnu samhliða því að bæta tæknilega færni í lestri.

Útinám

Við leggjum áherslu á að tengja nemendur við sitt nánasta umhverfi og nýtum umhverfi skólans og útikennslusvæðið Narfakotsseylu í nám og kennslu. Útinám er samþætt nám sem getur tengst öllum námsgreinum.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið. Kennsla tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum greinum. Nemandi fær verkefni til úrlausnar sem byggð eru á hæfniviðmiðum. Öll hæfniviðmið falla undir ákveðna hæfniflokka sem sjá má undir hverri námsgrein. Skólaárinu verður skipt upp í námstímabil og við lok hvers tímabils fær nemandi námsmat í þeim hæfniflokki sem var kenndur það tímabil. Nánari útlistun á þeim kvörðum sem notaðir verða koma á skólaárinu og verða kynntir fyrir foreldrum og nemendum.

Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir

Forvarnir og fræðsla gegn kynbundnu og kynferðislegu áreiti og ofbeldi fer fram í öllum árgöngum og er stuðst við skýrslu UNESCO ásamt þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Unnið er með ákveðnar áherslur hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.
Áherslur 1. bekkjar eru ólíkar fjölskyldur, vinátta, umhyggja, umburðarlyndi, virðing og jafnrétti kynjanna. Auk þess gerir forvarnaráætlun Reykjanesbæjar ráð fyrir fræðslu frá HSS um hjálmanotkun, líkamann auk skimunar á hæð, þyngd, heyrn og sjón.

Íslenska

Unnið er að endurskoðun og forgangsröðun hæfniflokka og hæfniviðmiða á skólaárinu. Í íslensku vinnum við með eftirfarandi hæfniflokka: **talað mál, hlustun og áhorf, lestur og lesskilningur, bókmenntir, ritun** og **mál og málnotkun.**

Kennsluefni og gögn

Lestrarbækur, bækur af bókasafni, dagblöð og Byrjendalæsisbækur, þar sem unnið er með gæðatexta og K-pals. Auk þess er notast við fræðitexta og ýmsar sögubækur. Unnið er með bókina Lestrarland og K-pals í stafainnlögn. Skrift 1a og 1b eru notuð við skriftarkennslu auk annarra skriftarverkefna. Verkefni eru gjarnan samþætt við aðrar greinar. Fjölbreytt byrjendalæsisverkefni sem kennarar semja og taka af vefnum og annað ljósritað efni frá kennara.

Námsmat

Notast er við símat sem byggir á reglulegum verkefnum og könnunum. Nemendur fara þrisvar yfir skólaárið í lesfimipróf, í september, janúar og maí. Aðeins lagt fyrir þá sem geta lesið í september. Auk þess munum við leggja fyrir reglulega hljóð og stafakannanir til að fylgjast með framfari nemenda. Lesferill lesskimun í október. Hliðarpróf, sjónrænn orðaforði og orðleysur í janúar og maí er lagt fyrir nemendur sem glíma við erfiðleika í lestri. Notast er við leiðsagnarmat auk þess sem virkni er metin, skapandi vinnubrögð, frumkvæði og frágangur verkefna.
Eftirfarandi eru viðmið í raddlestri en miðað er við mælitölur sem settar eru fram á kvarða á bilinu 1-19.

	1-4	5-7	8-12	13+
1. bekkur	Neðstu mörk	Undir meðaltali	Við meðaltal	Yfir meðaltali

Stærðfræði

Unnið er að endurskoðun og forgangsröðun hæfniflokka og hæfniviðmiða á skólaárinu. Í stærðfræði vinnum við með eftirfarandi hæfniflokka: **vinnulag stærðfræðinnar**, **tölur og reikningur**, **algebra**, **tölfræði og líkindi** og **rúmfræði og mælingar**.

Kennsluefni og gögn

Sproti 1a, Sproti 1b og Sproti 2a, nemenda- og æfingabækur. Einnig er unnið með stærðfræðiforrit í spjaldtölvum eftir áramót. Nemendur nota ýmiss hjálpargögn eins og námsspil, talnagrindur og kubba. Kennarar nota einnig annað fjölbreytt efni til að efla hæfni og bókina Töluskrift til að þjálfa skriftina á tölustöfunum.

Námsmat

Kannanir sem fylgja Sprota verða lagðar fyrir við lok hvers kafla allan veturinn þar sem könnuð er kunnátta og leikni í þeim þáttum sem unnið hefur verið með. Virkni og vinnubrögð eru metin. Námsmat byggir á fjölbreyttum matsaðferðum þar sem eftirtaldir þættir eru lagðir til grundvallar: kunnátta, færni, skilningur, frumkvæði, vinnubrögð og frumleiki.

Náttúrugreinar

Unnið er að endurskoðun og forgangsröðun hæfniflokka og hæfniviðmiða á skólaárinu. Í náttúrugreinum vinnum við með eftirfarandi hæfniflokka: **vinnulag náttúruvísinda, umhverfið, lífið, efnin, orkan og alheimurinn.**

Kennsluefni og gögn

Bækurnar Halló heimur 1, Komdu og skoðaðu líkamann, íslensku húsdýrin á mms.is og ýmis árstíða verkefni. Stuðst verður við vef Námsgagnastofnunar ásamt efni frá kennara. Vettvangsferðir í formi útikennslu og náttúran sjálf.

Námsmat

Reglulega verður lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda.

Samfélagsgreinar

Unnið er að endurskoðun og forgangsröðun hæfniflokka og hæfniviðmiða á skólaárinu. Í samfélagsgreinum vinnum við með eftirfarandi hæfniflokka: **vinnulag samfélagsgreina, sjálfsmynd, siðferði og trú, borgaravitund, saga** og **jörðin okkar.**

Kennsluefni og gögn

Bækur tengdar fjölskyldum og mismunandi fjölskyldugerðum, bækur tengdar líkamsvitund og tilfinningum, umferðarreglur og ýmsar hættur í umhverfi og inni á heimilum. Komdu og skoðaðu líkamann, Halló heimur 1, lesbók og verkefnabók.

Námsmat

Reglulega verður lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda.

Lykilhæfni

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Í Aðalnámskrá Grunnskóla eru hæfniviðmiðum í lykilhæfni skipt í fimm flokka: **tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga** og **ábyrgð og mat á eigin námi.**

Kennsluefni og gögn

Lykilhæfni er samofin öðrum námsgreinum.

Námsmat

Hæfniviðmiðum lykilhæfninnar er samþætt með verkefnum í öðrum námsgreinum og metin með einstaklingsvinnu og/eða hópvinnu.

Heimilisfræði

Unnið er að endurskoðun og forgangsröðun hæfniflokka og hæfniviðmiða á skólaárinu. Í heimilisfræði vinnum við með eftirfarandi hæfniflokka: **verklag, lífshættir** og **menning og umhverfi.**

Kennsluefni og gögn

Gott og gaman nemendabók, aukahefti frá kennara. Ásamt ýmsum áhöldum úr kennslueldhúsi.

Námsmat

Nám og hæfni eru metin með símati eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Matið er fjölbreytt eins og verkefnahefti, hópa- og einstaklingsvinna, virkni o.þ.h.

Hönnun og smíði

Unnið er að endurskoðun og forgangsröðun hæfniflokka og hæfniviðmiða á skólaárinu. Í hönnun og smíði vinnum við með eftirfarandi hæfniflokka: **verklag**, **sköpun, hönnun og tækni** og **menning og umhverfi.**

Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera eða breyta hugmynd eða hlut, t.d með tilliti til útlits eða virkni eða vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt.

Kennsluefni og gögn

Gögn og áhöld frá kennara.

Námsmat

Mat á hæfniviðmiðum út frá verkefnum og vinnu í tíma.

Sjónlistir

Unnið er að endurskoðun og forgangsröðun hæfniflokka og hæfniviðmiða á skólaárinu. Í sjónlistir vinum við með eftirfarandi hæfniflokka: **sköpun, greining og úrvinnsla** og **menning og umhverfi.**

Kennsluefni og gögn

Ýmis áhöld og efni myndmenntarstofunnar. Ljósrit af verkefnum sem henta byrjendum í myndmennt. Skjávarpi, bækur og ljósrit.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi símats þar sem vinna, verkefni og umræður í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Námsmat er einnig í formi einstaklings- og hópverkefna í tímum.

Textílmennt

Unnið er að endurskoðun og forgangsröðun hæfniflokka og viðmiða á skólaárinu. Í textílmennt vinnum við með eftirfarandi hæfniflokka: **verklag, sköpun, hönnun og tækni,** og **menning og umhverfi.**

Kennsluefni og gögn

Nemendur læra að handsauma 3 saumspor og búa til spilapoka. Bækur og gögn frá kennara.

Námsmat

Nám og hæfni eru metin með símati eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Matið byggist á virkni í tímum og verkefnum.

Forskóli Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Forskóli Tónlistarskóla Reykjanesbæjar (TR) er skyldunám allra barna í 1. bekk í grunnskólum Reykjanesbæjar. Kennt er í litlum hópum, eina kennslustund í viku. Forskólanám er samþætt byrjendanám í tónfræðagreinum. Nemendur fá alhliða þjálfun í tónlist og sköpun. Hlustun, söngur, hrynþjálfun, hreyfing og hljóðfæraleikur á skólahljóðfæri eru meðal þeirra þátta sem unnið er með.
Unnið er að endurskoðun og forgangsröðun hæfniflokka og viðmiða á skólaárinu. Í forskóla vinnum við með eftirfarandi hæfniflokka: **söngur og hljóðfæraleikur**, **sköpun og skráning** og **hlustun og greining**.

Hæfniviðmið eru markvisst tekin fyrir, allt skólaárið, með fjölbreyttum kennsluaðferðum.

Kennsluefni og gögn

- Skólahljóðfæri og óhefðbundnir hljóðgjafar
- Hljóðfæri v/hljóðfærakynninga
- Ýmislegt efni af veraldarvef
- Fjölbreytt hlustunarefni
- Námsbækur, sögubækur, ljóðabækur
- Ýmis verkefni frá kennara

Námsmat

Nemendur eru metnir út hæfnilokkum með fjölbreyttum verkefnum, samspili og þátttöku í kennslustundum.

Skólaíþróttir

Unnið er að endurskoðun og forgangsröðun hæfniflokka og hæfniviðmiða á skólaárinu. Í skólaíþróttum vinnum við með eftirfarandi hæfniflokka: **líkamsvitund, leikni og afkastageta, félagslegir þættir, heilsa og heilsuefling, öryggi og hreinlæti** og **sund.**

Kennsluefni og gögn

Stór og smá áhöld til sund- og íþróttaiðkunar. Nemendum er skylt að koma með leikfimi- og sundfatnað.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka próf og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar. Einnig eru nemendur metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Unnið er að endurskoðun og forgangsröðun hæfniflokka og hæfniviðmiða á skólaárinu. Í upplýsinga- og tæknimennt vinnum við með eftirfarandi hæfniflokka: **upplýsinga- og miðlalæsi**, **sköpun og miðlun**, **stafræn borgaravitund** og **lausnaleit**.

Í Aðalnámskrá kemur fram að upplýsinga- og tæknimennt sé þverfaglegt námssvið þar sem nemendur læra að umgangast þann tæknibúnað sem skólinn býr að og hvernig nota skal tæknina. Nemendur læra að vera stafrænir samfélagsþegnar og læra þannig um þær jákvæðu hliðar hins stafræna heims sem og hætturnar sem þar geta leynst. Á yngra stigi er upplýsinga- og tæknimennt kennd og metin samhliða öðrum námsgreinum. Hæfniviðmið greinarinnar eru tengd við verkefni þar sem unnið er með upplýsingaöflun og úrvinnslu.

Fjölval

Nemendum á yngsta stigi er skipt í hópa þvert á árganga einu sinni í viku í 80 mínútur. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir byrja á því að fara einu sinni á hverja stöð og að því loknu geta nemendur valið sér stöð vikulega.

Kennsluefni og gögn

Hver kennari útvegar efni og kennslugögn fyrir sína stöð. Stöðvar eru m.a. leir, einingakubbar, tölvur, kahoot, enska, félagsfærni, ýmsir leikir og föndur.

Markmið:

- Að nemendur öðlist reynslu í starfi með ólíkum aldurshópum.
- Að viðfangsefni verði fjölbreytt og við hæfi allra nemenda.
- Að virkja áhuga og vinnusemi nemenda.
- Að nemendur öðlist nýja sýn á skólastarfið þar sem nýbreytni er ríkjandi.

Þannig er stuðlað að eftirfarandi þáttum í lykilhæfni Aðalnámskrá grunnskóla, að nemandi við lok 4. bekkjar geti:

- hlustað á aðra, sýnt tillitssemi og haldið sig við umræðuefni.
- unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt.
- bent á ólík sjónarhorn í fjölbreyttum viðfangsefnum.
- rædd um eigin styrkleika og þekkt hugarfar vaxtar.
- rædd um áhugamál sín og skoðanir.